

Ed.

133. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá Bjarna Shæbjörnssyni.

Á eftir orðunum: »er lokið hafa tannsmíðanámi« komi: hjá íslenskum tannlæknum eða viðurkenndum skóla fyrir tannsmíði, leyfi til o. s. frv.

Nd.

134. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkennd með skulda-bréfi eða krafín með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lög-um þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

2. gr.

Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

1. Kröfur út af:

- a. leigu á fasteign eða lausafé,
- b. veru, viðgerning eða aðhlynningu,
- c. flutning á mönnum eða munum,
- d. vinnu og hverskonar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald meðan það er samfelld áfram í sömu vist.

3. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr.:

Á einu ári fyrnast:

Kröfur út af sölu eða afhending á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign.

4. gr.

Fjórða grein laganna verður 5. grein og fimmta grein laganna verður 6. grein.

5. gr.

Sjötta grein laganna fellur niður.

6. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur engin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyrr en við árslok 1934.

Greinargerð.

Breytingar þær, er frumvarp þetta fer fram á, eru fólgnar í eftirfarandi atriðum:

1. Að kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, fyrnist á einu ári, í stað þess sem þær nú eftir gildandi lögum fyrnast á fjórum árum.

2. Að það hefir ekki áhrif á fyrningu þessara skulda, hvort viðskipti halda áfram óslitið á milli skuldara og skuldareiganda.

Öllum þorra þjóðarinnar mun nú vera orðið það ljóst, hve skaðleg áhrif það hefir á allt viðskiptalíf landsmanna, að meiri hluti innanlandsverzlunarinnar er rekinn sem lánsverzlun. Með þeim langa fyrningarfresti, sem nú er, leiðir þessi viðskiptavenja til margskonar óreiðu í fjármálum, bæði hjá þeim, sem veita lán, og eins hinum, sem þiggja þau, en auk þess hefir það i för með sér eyðslu, er menn almennt hafa of greiðan aðgang að lánnum. Miðar breyting frumvarpsins í þá átt að draga úr skaðsemi lánsverzlunar, með því að stytta fyrningarfrest þeirra skulda, er ræðir um í 3. gr. frumvarpsins, og með því að nema burt úr fyrningarlögunum framangreind atriði, sem nú slita fyrningu. Með þessu móti eru viðskiptalánin gerð örðugri og varhugaverðari bæði fyrir lánveitanda og lánþiggjanda.